hvorugt fjelagið hefur síðan gjört nokkurt tilboð um, að inna hið fyrirhugaða ferðalag af hendi. 48 18. apríl.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu* **um sveitfesti þurfalings.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar herra amtmaður, dags. 7. og 9. þ. m. og þar með fylgjandi nýjar upplýsingar viðvíkjandi sveitfesti stúlkunnar Ingibjargar Sigurðardóttur á Syðstu-Grund í Reykjavík, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að með því að það nú er sannað, að tjeð Ingibjörg Sigurðardóttir hefur á árunum $18^{85}/_{86}$, $18^{86}/_{87}$ og $18^{87}/_{88}$ þegið styrk úr sveitarsjóði Mosfellshrepps, verð jeg að vera yður samdóma um, að hún síðan árið 1878, er hún fluttist til Reykjavíkur, ekki hafi getað unnið sjer þar framfærzlurjett, heldur sje sveitlæg í Mosfellshreppi. 49 9. maí.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu* **um endurgreiðslu á tolli.** — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 17. marz þ. á., viðvíkjandi beiðni verzlunarstjóra Thor Jensens í Borgarnesi, um endurgreiðslu á tolli, er hann hefur greitt af 349 pottum brennivíns, er eiga að hafa lekið niður á skipinu »Thor«, er kom til Borgarness 25. maí 1891, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að með því að umrædd tollgreiðsla af hans hendi er innkomin í landsreikninginn fyrir 1891, og því staðfest af löggjafarvaldi landsins með lögum um samþykkt landsreikninganna 1890 og 1891, 16. sept. 1893, I. 10, þá hefi jeg ekki heimild til þess að leyfa endurborgun tollupphæðarinnar, heldur verður hann að sækja um það til fjárveitingavaldsins, enda hefur ekki verið fylgt fyrirskipuðu formi til þess að sanna, að lekinn í raun og veru hafi átt sjer stað á leiðinni hingað til lands. 50 9. maí.

Brjef landshöfðingja *til biskups* **um flutning kirkju** (ágrip). — Með brjefi þessu var samkvæmt 4. gr. laga 27. febr. 1880 leyft að flytja kirkjuna í Flatey á Skjálfanda að þjóðjörðinni Brettingsstöðum á Flateyjardal. 51 9. maí.

Reikningur 52

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar til Svarfaðardalshrepps 1892—1893.

Tekjur.

		kr.	a.	kr.	a.
1.	Eign í fardögum 1892:				
	a. Í fasteignum	2310	00		
	b. Ógoldnar leigur og landskuld af ½ Gloppu $18^{82}/_{83}$	19	75	2329	75

52 2. Afgjöld:

a.	Leigur haustið 1892 eptir $4^1/_4$ kúgildi = 85 meðalálnir eptir verðlagsskrá $18^{92}/_{93}$ á $0{,}50^1/_2$	42 93	
b.	Landskuld í fardögum 1893, $201^1/_2$ meðalalin eptir verðlagsskrá $18^{93}/_{94}$ á 0,46	92 69	135 62
		Samtals	2465 37

Gjöld.

		kr.	a.
1.	Umboðslaun $^1/_6$ af hinum innheimtu gjöldum	22	60
2.	Borgað sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps	113	02
3.	Eign í fardögum 1893:		
a.	Í fasteign 2310 00		
b.	Óloknar leigur og landskuldir af $^1/_2$ Gloppu $18^{82}/_{83}$ 19 75	2329	75
	Samtals	2465	62

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 15. jan. 1894.

J. Havsteen. Davíð Guðmundsson.

53

Ágrip

af reikningi landsbankans 1. janúar til 31. marz 1894.

Tekjur.

		kr.	a.	kr.	a.
1.	Í sjóði 1. janúar 1894			100,294	27
2.	Borgað af lánum:				
a.	Fasteignarveðslán	13.608	07		
b.	Sjálfsskuldar-ábyrgðarlán	14.260	32		
c.	Handveðslán	1.528	02		
d.	Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.	172	30		
e.	Reikningslán	30	»	29.598	71
3.	Víxlar innleystir			18.722	42
4.	Ávísanir innleystar			5.222	18
5.	Vextir			4.604	59
6.	Diskonto			379	08
7.	Ýmislegar tekjur			31	30
8.	Frá Landmandsbankanum (fyrir seldar ávísanir o. fl.) . . .			59.817	07
9.	Innlög á hlaupareikning			30.070	54
10.	Sparisjóðsinnlög			79.686	26
		Tekjur alls		328.426	42